

Sveitafélagið Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi  
620 Dalvík

Neskaupstaður, 28. apríl 2022  
Tilvísun: 2204609

## Efni: Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis Laxós ehf. á Árskógssandi í Dalvíkurbyggð.

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um nýtt rekstrarleyfi frá Laxós ehf. vegna landeldis á Árskógssandi í Dalvíkurbyggð. Sótt er um eldi fyrir 400 tonna hámarkslífmassa í seiðaeldi á laxi. Frárennsli stöðvarinnar rennur út í Eyjafjörð eftir síun í tromlusíu.

Í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn sveitarfélagsins Dalvíkurbyggð vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í tilkynningu framkvæmdaraðila sem barst Skipulagsstofnun í apríl 2017 og ákvörðun Skipulagsstofnunar. Athuga ber að aðeins er sótt um rekstrarleyfi fyrir áfanga 1 í tilkynningu framkvæmdaraðila sem barst Skipulagsstofnun.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 26. maí 2022 og einnig á tölvupóstfang: [andri@mast.is](mailto:andri@mast.is). Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar



Andri Snær Þorsteinsson  
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Tilkynning framkvæmdaraðila.
2. Fylgiskjal 2: Ákvörðun Skipulagsstofnunar.